# Knattspyrnufélagið Haukar

80 ára
1931-2011

Hafnarfirði, 24. maí 2019.

**Yfirlýsing frá Knattspyrnufélaginu Haukum.**

Að gefnu tilefni sendir Knattspyrnufélagið Haukar frá sér yfirlýsingu vegna óafsakanlegrar orðræðu lýsanda á HaukarTV á fótboltaleik sem fram fór í gærkvöldi milli Hauka og Þróttar Reykjavík.

Knattspyrnufélagið Haukar leggur á það mikla áherslu að iðkendur félagsins, hvort heldur er í yngri eða eldri aldursflokkum, sjálfboðaliðar innan raða Hauka, fylgismenn félagsins sem og stjórnendur þess séu ætíð félagi sínu til sóma, innan vallar sem utan.

Knattspyrnufélagið Haukar byggir á góðum og göfugum gildum og fordæmir því öll ummæli eða háttsemi sem ýtir undir hvers konar fordóma eða mismunun.

Njótum þess að takast á í heiðarlegum kappleikjum þar sem kaftur, elja, og góðir straumar fá að vera í fyrirrúmi.

Forráðmenn Knattspyrnufélagsins Þróttar, leikmenn og fylgjendur, Knattspyrnufélagið Haukar harmar ofangreint atvik og væntir þess að það hafi ekki frekari eftirmála né skaði gott samstarf Knattspyrnufélagsins Þróttar og Knattspyrnufélagsins Hauka.

Virðingarfyllst,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka,

Magnús Gunnarsson
framkvæmdastjóri.

Ásvöllum · 221 Hafnarfjörður · Pósthólf 14